DRÓTTSKÁTAMÓT 2025

SKÁTARNIR

UPPLÝSINGABRÉF 1

Kæru dróttskátar!

Dróttskátamót verður haldið 2.-6. júlí 2025 í Viðey. Mæting er um miðjan dag á miðvikudegi og farið heim á sunnudagseftirmiðdegi.

Þema mótsins

Þemað verður Afmæli í tilefni 75 ára afmælis skátafélagsins Landnema.

Í sumar ætlum við að fara aftur að rótum skátastarfsins með því að halda til Viðeyjar í fimm daga til að tengjast skátaböndum, upplifa ævintýri og njóta náttúrunnar. Þetta er tækifæri til að aftengjast tækninni, skapa minningar og fagna anda skátastarfsins undir berum himni.

Dagskrá verður með svipuðu sniði og síðasta dróttskátamót á Akureyri 2022.

Mótið býður upp á skemmtilega og vel samsetta blöndu af verklegum verkefnum, líkamlegum áskorunum og vináttu. Flokkaleikir, skapandi smiðjur og kvöldvökur við varðeld sameina öll, á meðan sveitarverkefni og þjálfun í útivist halda okrunni uppi allan daginn.

Þetta verður vika full af hreyfingu, gleði og skemmtilegum gæðastundum úti í Viðey.

Mótsgjald

Mótsgjald er 50.000 fyrir þátttakendur og 17.400 fyrir foringja og starfsmenn. Innifalið í mótsgjaldi er dagskrá, ferðir út í Viðey, matur og mótsmerki.

Skráning

Opið er fyrir skráningu á <u>skraning.skatarnir.is</u> og henni lýkur 1. júní 2025. Skráningu verður háttað þannig að BÍS mun innheimta mótsgjaldið beint frá þátttakendum, vilji félög halda um skráningu hjá sér t.d. til að innheimta í einu gjaldi mótsgjald og sameiginlegan kostnað eru þau beðin um að láta Skátamiðstöð vita.



Þá er ætlast til að skráningum sé skilað til mótsins fyrir 1. júní og mótsgjöld greidd fyrir þátttakendur þess félags í beinu framhaldi.

Útbúnaður

Skátarnir koma með persónulegan búnað, hvert og eitt félag kemur með sín eigin tjöld (svo má endilega koma með skraut í anda þemans)

Tjöldun

Allir skátar eiga að kunna að tjalda tjaldi

Matur

Skátarnir munu elda sjálfir allar heitar máltíðir yfir eldi svo mikilvægt er að vera flink í útieldun eða vera tilbúin að læra útieldun.

Eldiviðavinnsla

Eldað verður á eldivið sem skátarnir þurfa að vinna sjálfir, sem sagt saga í bita og höggva. Þess vegna er mikilvægt að skátarnir kunna á sög og öxi (væri gott ef þau hafa sögin og öxin færnimerkið)

Hnútar

Gott er að kunna alla þá hnúta sem þarf til að súrra auk tvöfaldan áttuhnút og fiðrildahnút.

Úrgangur

Mikilvægt er að allir skátar kunni að flokka rusl og vaska upp með þriggja bala kerfi.

